



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 7. apríl klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigurður Elmar Birgisson, Þormóður Skorri Steingrímsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Faxaból 12

Hesthúseigendur í Faxabóli 12, Sveinn Ragnarsson og Guðrún Edda Bragadóttir, hafa óskað eftir viðræðum við Fák um kaup á lóð við enda hesthúss þeirra. Lóðarstærð er 154 m² og fylgir uppdráttur með erindinu.

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við fasteignasala um verðmat á lóðinni.

2. Reiðhallir á skipulagi í Víðidal

Gerð er tillaga um að þeim aðilum sem stjórn hefur verið í viðræðum við varðandi reiðhallarlóðir í Víðidal, ein við A-tröð og aðra við félagsheimili, verði sent bréf þar sem þeim er gefinn frestur til 25. apríl að upplýsa stjórn um stöðu og fyrirætlanir á lóðunum. Stefni aðilar á að byggja á lóðunum verður þeim gefinn 2 ára frestur frá 1. maí 2025 til að hefja byggingu reiðhallar. Verði ekki byggt innan þess tíma er viðræðum slitið og auglýst verður aftur eftir áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á að byggja á þessum reitum.

3. Beitarmál

Reykjavíkurborg hafði samband og er á næstu vikum að fara að auglýsa svæði sem nýttast geta sem beitarhólf í og við Hólmsheiði laus til leigu. Fákur mun auglýsa úthlutunina þegar hún fer í loftið og hvetur sína félagsmenn til að sækja um laus hólf til borgarinnar.

4. Neðri Fákur

Reykjavíkurborg hefur komið því á framfæri við formann að fyrirhugað er að rífa húsin við neðri Fák. Borgin verður í sambandi við Fák þegar nánari tímasetningar liggja fyrir.

5. Stangveiðifélagið

Standveiðifélag Reykjavíkur var í sambandi við framkvæmdastjóra varðandi aðgengi að Elliðaá á komandi sumri í ljósi þess að búið er að loka kerrusvæðinu með hliði. Samþykkt er að bjóða veiðimönnum að nota reiðveg um Trippahring til að komast að veiðistöðum í ánni.

6. Hljóðkerfi

Framkvæmdastjóri gerir þá tillögu að keypt verði hljóðkerfi fyrir veislusali Fáks sem munu einnig nýttast í mótahaldi félagsins. Leigukostnaður á hljóðkerfi á ári er á bilinu 300-500 þúsund. Kostnaður við kaup á hljóðkerfi er um 1.300.000 kr.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.



7. Firmakeppni

Stjórn mun safna áheitum fyrir Firmakeppni Fáks sem fer fram sumardaginn fyrsta, 24. apríl, á 103 ára afmæli Fáks.

Fundi slitið 18:00.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason